

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Nokkrar jarðfræðiathuganir og athugasemdir
um hugsanlega virkjunarstaði við Tungnaá
og Þjórsá

eftir Guðmund Kjartansson

Juli 1957

RAPORKUMÁLASTJÓRI

Nokkrar jarðfræðiathuganir og athugasemdir
um hugsanlega virkjunarstaði við Tungnaá og Þjórsá,
(viðbót við skýrslu, dags. 6. mars 1954)
eftir Guðmund Kjartansson

I eftirlitsferð með þeim Jakobi Gíslasyni, raforkumálastjóra, Sigurði Thoroddsen, verkfremðingi, o. fl. til hugsanlegra virkjunarstaða við Tungnaá og Þjórsá 9. - 15. júlí 1957, komu í ljós nokkur jarðfræðileg atriði, sem varða virkjunarskilyrði, en ég hefi ekki aður athugað eða getið í skýrslu til raforkumálastjóra. Verður þeirra hér getið til uppfyllingar fyrri skýrslum mínum.

1. Stíflustaði á Tungnaá framan undir Vatnaöldum (sbr. 8. í skýrslu 1954).

Barna hafa hraun komið upp um gossprungu (eða nokkur hundruð metra breiðu belti af samsíða gossprungum), sem liggur þvert yfir ána. Hraunin hafa síðan flatt ofan eftir farvegi arinnar og bekja nú allt flatlendi neðar með henni. En ofan við hraunin varð uppistöðulón, sem náiði eflaust nokkra tugi kilómetra upp eftir ánni frá hraunstíflunni. Þetta lón hefur nú fyllt upp og eftir endilöngu lónsstaðinu rennur Tungnaá í breytilegum kvíslum, breiðum og grunnum um flatar sandeyrar og leirur, illfer eða ófer vegna sandbleytu.

Tvö stíflustaði höfðu komið barna til árita, annað neðan, en hitt ofan við Höfsvað og bæði á hrauninu. En nú bar einnig á góma þann möguleika að stífla fyrir ofan (austan) hraunið til að komast hjá leka í gegnum það.

Betta stíflustaði tel ég öllu varhugaverðara en hin af ástaðum, sem nú skal greina.

EKKI verður kannað, hvar austurjaðar hraunsins liggur nema með allþéttum borunum. Hraunið sunnan ár hjá Höfsvaði verður því vikurorphnara sem austar dregur og er með öllu horfið og sléttir vikrar teknir við, aður en kemur austur á Svartakrók. Þó mið vera, að skekklar af hrauninu nái alla leið þangað og jafnvel lengra undir vikurbreiðunni og yrði þá allt of langur vegur að sveigja stífluna austur fyrir það. En hitt getur líka verið, að hraunjaðarinn liggi laust ofan við efstu hraunhólana, sem á sér upp úr vikrinum, og ef svo er, virðist vel mega láta stífluna sneiða hjá hrauninu vegalengdarinnar vegna.

Ef betta verður kannað með borun, ber þess að gata, að á eldstöðvabeltinu hjá Höfsvaði virðist hafa gosið oftar en

einu sinni, því að a.m.k. tvö eða þrjú misgömum hraun hafa runnið þaðan hvert yfir annað ofan farveg Tungnaár. Eldri hraunin kunna að hafa runnið lengra austur en hið yngsta, sem efst liggur (þó að sennilega sé þessu öfugt farið).

Eins og ég hefi áður tekið fram (í skýrslu 1954, bls. 7), tel ég set síkra lóna, sem hér er um að ræða, mjög ótrausta undirstöðu undir stíflugarð. Mestur hluti þess mun yfirleitt vera leir, sem setzt hefur til úr gruggi jökulvatns, jafnvel bött efstu lögin séu oft nokkru grófari (sandur og möl). Síkt set mundi sennilega reynt plastiskt og láta undan fargi, sem á það verzi hlaðið (sbr. hafnargarðana í Hafnarfirði).

Aftur á móti kann lónaset yfirleitt að vera vel vatnshelt. En allar líkur eru til, að þann góða eiginleika vanti á þeim stað, sem hér er um að ræða. Í eldgosunum, meðan lónið var að myndast hefur kyngt niður í það vikri og örðrum sundurlausum gosefnum, einkum í neðri enda þess, sem la því nær fast að gosprungunni. Ef til vill hefur sá endi lónsins þá begar fyllzt upp af síkum efnum. En síðar urðu enn meiri vikurgos að þessu sama beltí. Þá myndaðist þar fjallgarðurinn Vatnaöldur og hinár stóru vikrar vestur af þeim. Hafi lónið ekki begar verið upp fyllt af framburði Tungnaár, begar þau ósköp dundu yfir, er líklegt, að það hafi fyllzt af því vikurfalli. Því er þess að vanta, að hin lausu jarðlöög, sem nú fylla lónsstaðið ofan við hraunstífluna hjá Höfsvaði, séu ekki venjulegt jökulvatnsset, heldur að verulegu leyti úr grófum vikri og frauðkenndum hraunslettum. Átla má, að þessi gosmöl sé mjög gropin, engu síður en hraunið á neðri stíflustæðunum, en auk þess er hún laus í sér og hætt við að lekavatnið greifi hana sundur.

Að öðru leyti hefi ég í engu breytt skoðun minni á stíflustæðunum nálagt Höfsvaði (sbr. skýrslu 1954, bls. 15-17).

2. Stíflustæði á Þjórsá neðan við Svartármynni (sbr. 1. í skýrslu 1954).

Með tilliti til steypuefnis nálagt þessu stíflustæði má geta þess, að þar er liftið um klappir úr hreinu basalti. Ofan við Svartármynni hefi ég hvergi getað séð á eiginlega klöpp af neinu tagi á breiðu svæði þáðum megin Þjórsár fyrr en upp hjá Bólstað við Sóleyjarhöfða, nema telja skuli illa harðnaðan jökulruðning (völu- og hnallungaleirstein) á stöku stað í skornum. Annars er allt þetta svæði þakið þykkum mugum af jökulruðningi.

Á stíflustæðinu sjálfu kemur loks í ljós fastur berggrunnur í botni og bökkum Þjórsár, en aðeins þar. Efst er þetta þó aðeins móberg með litlu breksiukennnu blágrytisívaf. En þetta blágrytisívaf eykst eftir því sem neðar kemur og við mynni lmakjarns, sem kemur í Þjórsá að austan 2 1/2 km neðan við Svartármynni, er blágrytið orðið yfirgnafandi í móberginu og virðist þar mega fá hrein blágrytisstál svo að metrum skiptir á hað

og breidd. Þetta blágryti er óreglulega smástuðlað og springur við veðrun í smá kubba. Það sást aðeins í gljúfraveggjunum, en er hulið bykkum með beggja vegna.

Enn neðar, báðum megin þjórsár, eru berar, jöklusorfnar klappir úr heillegu, hreinu blágryti. Virðist það vera forn hraunlög. Þar sem stytzt er í þetta blágryti austan ár, liggur það 3-4 km (litlu vestar en) suður frá Svartármynni, en utan ár eru slike klappir suðaustan undir Norðlingaöldu, aðeins nokkur hundruð metrum neðan við fyrirhugað stíflustæði yfir skarðið milli Norðlingaöldu og melhryggjarins, sem gengur þáðan austur að stíflustæðinu á þjórsá. En frá stíflustæðinu á þjórsá er um 3 km vegur vestur að þessum klöpgum. Bykkt blágrytislaganna skiptir a.m.k. metrum, en ef til vill tugum metra. Austan þjórsár eru klappirnar berar eða virðast litt huldar á a.m.k. nokkurra hektara svæði og utan ár eru þær miklu viðáttumeiri.

Melhrygg þann, er liggur frá Norðlingaöldu austur að stíflustæði á þjórsá, hefi eg áður talið vera úr jökulruöningi og mun það rétt að mestu leyti. En núna fann eg á honum því nær miðjum litlar klappir úr móbergs- og blágrytisbreksi, sem mér hefur áður sást yfir. Þessi klöpp gegist upp úr melnum hatt í séðurbrekku hryggjarins og sýnir, að á þessum stað er móbergskjarni inni í honum. Þetta berg virðist hart og þétt.

Í þau skipti, sem ég hefi áður komið að þessu stíflustæði á þjórsá (14. júlí og 26. ág. 1953 og 5. sept. 1954), var miklu minna vatn í lindum, lækjum og afrennslislausum tjörnum, en að þessu sinni (júlí 1957). M.a. þótti mér nystarleg sjón að sjá vatn gjósa upp úr klöpp á einum stað niðri í farvegi þjórsár við vesturbakkann um 700-800 m neðan við mynni Svartár. Nálegt þessum stað hafði ég göð visu áður sét uppsprettuseytlur og mælt í þeim hita (3.6-26. ág. 1953), en enga sem vakti serstaklega athygli mína. En núna bar mjög mikil að þessari lind, jafnvel tilsyndar austan yfir þjórsá, og líktist hún litlum goshver. Lindin sprettur upp úr harðri breksi úr móbergi og blágryti og er slikt berg barna í árbotninum og neðanverðum gljúfravegnum. Lágur ávalur pallur úr þessu bergi, eins og half kringla að lögum, skagar barna út í ána. Um hann liggur bein sprunga í stefnu þvert á argljúfrið og hverfur annars vegar undir árvatnið, hins vegar undir jökulruöning í gljúfurbarminum. Upp úr þessari sprungu brýstist lindarvatnið með furðu miklum krafti, en meist á einum stað, þar sem það myndar stöðugan goastólipa, 31 cm á hæð, en slettur fara hærra. Rennsli úr allri lindinni var á að gizka 50 litrar á sek. Lindarvatnið var 3.7° heitt (þjórsá á sama tíma 9.5°). Það var með gráfilegu "járnláar"- eða "myrrabragði" og hefur lítað rauða klöppina, sem það flæðir yfir. Klapparbungunni svipar að lögum til hrúðurmyndana við hveri, en hun er eflaust þannig til orðin, að kaldavermalið, sem flæðir nokkur jafnt um hana alla, hefur verndað hana fyrir frosti.

Þessi lind er laust neðan við stíflustæðið og sprungan, sem

hún kemur úr, stefnir á verið Eyvafen, sem verður hluti af lóninu mikla ofan við stífluna. Ef sprungan nær svo langt, sem ekki er ósennilegt, hlytur hún að verða lekamö fram hjá stíflunni. Allt bendir til, að staðö (rennsli) lindarinnar sé hæð vatnsborðsstöðu í Eyvafeni. Nú var miklu meira vatn í verinu en ég hefi sáður seð þar og í samræmi við það var miklu meira vatn í lindinni en í fyrri feróum mínum. Þess vegna má gera ráð fyrir, að lekinn mundi aukaast mjög mikil, ef vatnsborðið í Eyvafeni væri hækkað með því að stífla Þjórsá.

En þó að um þessa verði fyrirsjáanleg lekamö, tel ég hana ekki bera vitni um galla á stíflustæðinu, því að a hinn böginn bendirr hinn mikli brýstingur á lindarvatninu til þess, að bergið meðfram sprungunni sé vel þétt.

23. júlí 1957,

Guðmundur Kjartansson